



SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI

Skv. lögum nr. 135/2008

Reykjavík 11. maí, 2015.

Tilvísun nr. 201505-0085.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með tölvubréfi dagsettu 5. maí sl. fór allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fram á að sérstakur saksóknari mætti á fund nefndarinnar daginn eftir til að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála o.fl. á þingskjali 1049, mál nr. 605. Í kjölfar fundarins óskaði formaður nefndarinnar eftir því að undirritaður sendi nefndinni formlega umsögn varðandi þau atriði sem gerður voru munnlegar athugasemdir við á fundinum.

Umsögnin einskorðast við þær greinar frumvarpsins sem varðar breytingar á lögum um meðferð sakamála. Undirritaður hefur kynnt sér þær greinar frumvarpsins og telur þær fela í sér að meginstefnu til jákvæðar breytingar meðferð laga um meðferð sakamál. Hér að neðan greinir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins sem varða lög um meðferð sakamála:

Um 17. gr.

Engar athugasemdir, breytingin felur í sér þá eðlilegu skipan að meðdómsmenn komi að samningu dóms.

Um 18. gr.

Á það er bent að brýnir rannsóknarhagsmunir kunni að standa til þess að svo fortakslaus lagaskylda sem ákvæðið boðar sé rannsóknaraðilum of íþyngjandi. Má þar nefna til dæmist aðstæður úti á landi. Lagt er til að bætt verði inn í greinina „nema hagsmunir brotapolans eða verulegir rannsóknarhagsmunir krefjist þess að annar háttur verði á hafður“.

Um 19. gr.

Ákvæðið leysir úr ákveðnum vandkvæðum með afhendingu gagna og er til bóta.

Um 20. gr.

Gerð er athugasemd við e.-lið þar sem bætist við: „form og frágang dómskjala, þar á meðal hámarks lengd ákæru og greinargerðar ákærða“. Á það er bent að við samningu ákæruskjala í umfangsmiklum sakamála þá hefur þurft lengri ákæru-texta en almennt hefur verið tíðkað. Helgast það af því að málin eru umfangsmikil og flókin og því lengri texta þurft til. Einnig er á það bent að til meðferðar eru umfangsmikil fjárdráttarmál þar sem tilvikin hlaupa á þúsundum. Þrátt fyrir þá viðleitni embættisins að gera sem best grein fyrir sakarefninu í texta þá hafa verið hafðar uppi kröfur um frávísun mála frá dómi þar sem ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir málalíbúnaði ákæruvaldsins. Er vandséð hvaða viðmið um blaðsíðufjölda er unnt að setja þannig að öll brotastarfsemi sem þarf að lýsa í framtíðinni rúmist innan hans. Lagt er til að fellt verði út

„hámarks lengd ákæru“ eða setji þess í stað „viðmið um hámarks lengd ákæru“ sem opnar á þann möguleika að rökstyðja nauðsyn þess að ákæra sé lengri en reglur dómstólaráðs segja til um.

Um 21. og 22. gr.

Á það er bent að dómstólaráð hefur nýlega hækkað tímagjaldið úr 10.000 krónum upp í 16.500 krónur. Ljóst er að með hækkunum á tímagjaldi hækkar sakarkostnaðarliðurinn á ríkisreikningi og þar með útgjöld ríkissjóðs sem að takmörkuðu leyti skilar sér til baka í formi greiðslu. Af þeim sökum er brýnt að hefja umræðu um hversu umfangsmikil verjandastörf skuli felast í tilnefningu verjanda í sakamáli og hvort unnt sé að setja niður hlutlæga mælikvarða, eftir umfangi máls og efni, á þann tímafjölda sem ætla megi verjandi til verksins í stað þess að engin takmörk verði sett um möguleg útgjöld ríkissjóðs við tilnefningu verjanda í einstöku máli. Málin verði eftir atvikum flokkuð eftir umfangi, fjölda sakborninga, flækjustigi o.fl. þannig að fyrir liggi í upphafi hvað felist í inntaki tilnefningar verjandans og mögulegan tímafjölda sem greiddur verði af ríkissjóði sem þóknun tilnefndis verjanda. Slík tilhögun yrði einnig til þess fallin að afmarka betur stöðu sakborningsins gagnvart kostnaði af störfum tilnefndis verjanda.

Um 23. gr.

Breytingin felur í sér auðveldari afgreiðslu á einföldum sektarmálum og stuðlar að hagkvæmni við afgreiðslu þeirra.

Um 24. gr.

Breytingin felur í sér að unnt er að gefa út útvistarfyrirkall í fleiri málum en nú er gert og vísað til þess að unnt verði að ljúka t.d. ölvunarakstursmálum í fleiri tilvikum án þess að sakborningur mæti fyrir dóm. Í þessu sambandi er vakin athygli á að þessi breyting felur einnig í sér að unnt verður að ljúka allnokkrum fjölda mála sem varða brot á almennum hegningarlögum fari refsingar ekki fram úr 6 mánaða fangelsi þannig að heimildin einskorðast ekki við brot á sérrefsilögum.

Um 25. gr.

Breytingin er til þess að létta á málsmeðferðinni og minnka kröfur um form á úrlausnum dómara þegar kveðnir eru upp úrskurðir undir rekstri málsins.

Um 26. gr.

Engar athugasemdir.

Um 27. gr.

Breytingin felur í sér að dregið er úr kröfu um að fyrir liggi endurriti við uppkvaðningu dóms í svokölluðum játningardómum og heimilar að dómsorð sé lesið upp í sama þinghaldi og afstaða sakbornings liggur fyrir. Breytingin er jákvæð en telja verður að endurrit þurfi að liggja fyrir innan tiltekins tíma frá því að máli er lokið með þeim hætti greinin heimilar. Má þar horfa til þess tímafrests sem boðaður er í 28. gr. frumvarpsins þ.e. að endurrit liggi fyrir innan viku frá því að málinu er lokið með þeim hætti sem greinin áskilur.

Um 28. gr.

Engar athugasemdir.

Um 29. gr.

Varðandi endurupptökubeiðni sem greinir í 211. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að óska eftir endurupptöku á máli látins aðila og sett sem skilyrði „að sérstaklegi standi á“. Ekki er tilgreint í athugasemdum frumvarpsins hvað sé þar átt við eða hvað fellur þar undir. Á hinn bóginn er nefnt í athugasemdum að meira þurfi til eftir því sem lengra er liðið frá uppkvaðningu dóms án þess að viðmið séu sett í þeim efnun. Því er velt upp sem álitaefni hvort ástæða sé til þess að setja hlutlægari skilyrði til endurupptöku a.m.k. hvað varðar aldur þeirra mála sem mögulegt er að biðja um endurupptöku á. Í lokamálslið greinarinnar er tiltekið að sá sem fer fram á endurupptöku nýtur eftir því

sem við á sömu réttarstöðu og dómfelldi við meðferð málsins hjá nefndinni en ekki er tiltekið í athugasemdum hvað í því felst svo sem varðandi réttinn til að fá skipaðan lögmann og hvernig farið er með kostnað af störfum hans. Rétt sé að taka á þessu atriði í lagatextanum eða að minnsta kosti tiltaka um þessi atriði í greinargerð með frumvarpinu.

Sérstakur saksóknari,

Ólafur Þ. Hauksson.

